

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 22. október 2013 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-64/2013:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 6. ágúst sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á rafhlöðu í fartölvu, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi afhendi sér nýja rafhlöðu.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 13. ágúst sl., gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 26. ágúst. Með bréfi, dags. 2. september, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 16. september. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 21. október, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni kemur fram að hinn 19. ágúst 2011 keypti álitsbeiðandi fartölvu af seljanda fyrir kr. 135.000. Var fartölvun af gerðinni ASUS K53JU-SX189V. Segir álitsbeiðandi að rafhlaða fartölvunnar sé haldin galla, sem lýsi sér í því að hún haldi illa hleðslu, auk þess sem hugbúnaður tölvunnar geri athugasemdir og mæli fyrir um að skipt sé um rafhlöðu. Segist álitsbeiðandi hafa kvartað undan þessu við seljanda símleiðis hinn 10. júní sl. Hinn 19. júlí sl. hafnaði álitsbeiðandi að rafhlaðan væri hluti af tölvunni og þar með kröfum álitsbeiðanda um úrbætur. Segist álitsbeiðandi hafa haft aftur samband við seljanda hinn 24. júlí og ítrekað að bætt yrði úr gallanum. Þá hafi forsvarsmaður seljanda óskað eftir því að fá formlega beiðni um slíkt með tölvupósti og var sá póstur sendur hinn 29. júlí. Segir álitsbeiðandi að þeim pósti hafi ekki verið svarað og því hafi hann leitað til kærunefndarinnar.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er kvittun fyrir kaupunum, dags. 19. ágúst 2011, að fjárhæð kr. 135.000. Þá fylgir álitsbeiðni tölvupóstsamskipti álitsbeiðanda við seljanda. Í tölvupósti seljanda til álitsbeiðanda, dags. 19. júlí segir m.a. eftirfarandi: „Við hér á Y höfum alltaf skilgreint rafhlöður sem rekstrarvöru og ekki verið að reyna að fela að neitt. Varðandi ábyrgð á rekstrarvöru, eins og t.d. rafhlöðum í fartölvum er ábyrgðin 1 ár.“

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda er rakið að samkvæmt upplýsingum frá framleiðanda rafhlaðna megi reikna með því að hægt sé að hlaða þær 300 til 500 sinnum. Það að rafhlaða tapi getu yfir líftíma (300 til 500 hleðslur) sé ekki galli. Þessum upplýsingum hafi seljandi deilt með álitsbeiðanda, bæði munnlega og skriflega. Meðfylgjandi andsvörum seljanda eru nánari upplýsingar um líftíma rafhlaðna frá þeim framleiðanda sem framleiddi fartölu og rafhlöðu álitsbeiðanda.

V

Niðurstaða kærufndarinnar

Kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Eins og að framan er rakið, keypti álitsbeiðandi nýja tölvu af seljanda hinn 19. ágúst 2011 fyrir kr. 135.000. Var fartölvun af gerðinni ASUS K53JU-SX189V. Hinn 10. júní tilkynnti álitsbeiðandi seljanda að hann teldi rafhlöðu fartölvunnar gallaða og að hann krefðist úrbóta.

Í andsvörum seljanda er rakið að rafhlöður séu þess eðlis að með notkun dragi úr endingartíma þeirra. Þá kemur fram í tölvupóst seljanda til álitsbeiðanda, dags. 19. júlí sl., að seljandi skilgreini rafhlöður sem rekstrarvörur og að ábyrgð seljanda á rekstrarvörum sé 1 ár.

Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef „hann sé ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr.” Í b-lið 2. mgr. 15. gr. segir að söluhlutur skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað.” Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða” eins og segir í 1. mgr. 26. gr. laganna.

Kærufndin telur rétt að það komi fram að ábyrgð seljanda annarsvegar og frestur neytanda til að bera fyrir sig galla hinsvegar, eru ekki einn og sami hluturinn. Þannig geta seljendur veitt ákveðna tilgreinda ábyrgð á söluhlutum í ákveðinn tíma. Síkar ábyrgðaryfirlýsingar geta verið bundnar ákveðnum skilyðrum svo sem að söluhluturinn hafi tiltekna eiginleika eða að hann megi nota með venjulegum eða sérstökum hætti í tiltekinn tíma eftir afhendingu. Slík ábyrgðaryfirlýsing er bindandi fyrir yfirlýsingargjafann með þeim skilyrðum sem fram koma í ábyrgðaryfirlýsingunni. Þannig geta seljendur jafnvel veitt skilyrðislausu ábyrgð á söluhlut fyrir lífstíð, kjósi þeir að gera það.

Óháð yfirlýsingum seljenda um ábyrgð í lengri eða skemmri tíma, með þeim skilyrðum sem seljendur setja í þeim yfirlýsingum, geta neytendur skv. 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup kvartað undan galla á söluhlut innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í greininni, þ.e. eftir atvikum inna tveggja eða fimm ára. Lög nr. 48/2003 eru, skv. 3. gr. laganna, ófrávíkjanleg og geta ábyrgðaryfirlýsingar seljanda ekki haft nein áhrif á áður nefnda tímafresti.

Vilji seljandi ákveðinnar söluvöru bera það fyrir sig að söluhlutur hafi sérstaklega skamman endingartíma vegna ákveðins eiginleika síns, svo sem eitt ár, útilokar það engu að síður ekki möguleika neytanda á að bera fyrir sig galla á söluhlutum að því ári liðnu, enda sé það gert innan tímamarka 27. gr. laganna, enda gæti gallinn á söluhlutum mögulega snúið að öðru en endingartíma söluhlutarins. Hafi seljandi hins vegar, með skýrum og ótvíræðum hætti, þegar kaup fóru fram, tilkynnt neytanda að söluhluturinn gæti haft mjög skamman endingartíma, þá getur neytandinn ekki borið það fyrir sig síðar að varan sé, vegna skamms endingartíma, haldin galla í skilningi laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Hafi hinsvegar söluaðili ekki gert slíkan fyrirvara með nægjanlega skýrum og ótvíræðum hætti getur hann ekki gert slíkan fyrirvara eftir kaupin.

Ekkert hefur heldur komið fram um það að seljandi hafi greint álitsbeiðanda sérstaklega frá því þegar kaupin fóru fram að líftími rafhlöðunnar gæti verið einhver ákveðinn tími. Það sem það var ekki gert álitur kærufndin að álitsbeiðandi hafi mátt vænta þess að rafhlaðan entist lengur en raun ber vitni sbr. b-lið 2. mgr. 15. gr. Telur kærufndin því að rafhlaða sú er deilt er um í málinu hafi sé haldin galla og að seljanda beri að verða við kröfu álitsbeiðanda og leggja honum til nýja rafhlöðu í fartölvuna.

VI
Álitsorð

Y leggi álitsbeiðanda, X, til nýja rafhlöðu í tölvuna sem hann keypti af seljanda hinn 19. ágúst 2011.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir